

Alþingi
Erindi nr. P 139/1038
komudagur 21. 12. 2010

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs,
nr. 55/2003, með síðari breytingum. Þskj. 203 — 186. mál.

Undirritaður vill gera nokkrar athugasemdir við þetta frumvarp, en umhverfis og úrgangsmál eru þau málefni sem skipta hvað mestu máli þegar til framtíðar er litið.

Tilskipanir og reglugerðir á sviði umhverfis og úrgangsmála hafa vafa laust verið Íslandi til góðs og svo mun einnig vera vegna áformaðra innleiðingu á EB-gerðum í þessu frumvarpi er lúta að námuiðnaði, rafhlöðum og rafgeymum sem og það er lýtur að upptöku skilakerfis með framleiðendaábyrgð fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir.

Meginefni frumvarpsins er að álitu undirritaðs þær breytingar sem gera á um framkvæmd útgáfu starfsleyfa fyrir móttökustöðvar úrgangs og að í landsáætlun og svæðisáætlun skal einungis koma fram stefnumörkun í úrgangsmálum en ekki að ákveðnum markmiðum skuli náð með tilgreindum beinum aðgerðum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Með breytingum á 4. gr laga nr 55/2003 grein nr.2 í frumvarpinu er varðar 3. mgr. er m.a. verið að færa núverandi hlutverk frá sjálfstæðri stjórnslustofnun, Umhverfisstofnun er varðar það að gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt, yfir til ráðherra umhverfismála. Fram kemur að hin sjálfstæða Umhverfisstofnun skuli vinna tillögu að áætluninni að fengnum umsögnum tilgreindra aðila, sem síðan er lögð fyrir ráðherra. Umhverfisstofnun skal síðan auglýsa þessi drög að landsáætlun. Ekkert segir hvar eða hvort endurskoðuð áætlun m.t.t. breytinga verði auglýst. Ekkert kemur fram í nefndarálitu um ástæðu þessa tilflutnings. Það væri landsáætluninni til framdráttar ef að auki væri tilgreindur lögboðinn umsagnaraðili sem er í forsvari fyrir neytendur.

Með breytingu á 4. gr. 3. mgr. er aukið við lýsingu þess sem koma skal fram í landsáætlun. Undirritaður telur að við þessa lýsingu megi bæta með eftirfarandi orðalagi, “og starfsleyfisskyldrar starfsemi og atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun í landinu og stefnumörkun er felur í sér aðgerðir til að bæta umhverfsvæna endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, og aðrar förgunarleiðir,” og yrði setningin því eftirfarandi í 3. mgr. 4.greinar: Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála og starfsleyfisskyldrar starfsemi og atvinnurekstrar sem

getur haft í för með sér mengun í landinu og stefnumörkun er felur í sér aðgerðir til að bæta umhverfissvæna endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu, og aðrar förgunarleiðir.

Tilfni þess að þetta er lagt til er m.a. að lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fjalla að töluverðu leit um starfsleyfisskyldu, starfsemi og framkvæmdir sbr. 2. gr. laganna um markmið. Einnig felst í þessu bein skírskotun til úrgangslaganna nr. 55/2003. Eftir því sem landsáætlun er nákvæmari og markvissari því betri verða svæðisáætlanir sveitarfélaganna sem almenningi og hagsmunaaðilum gefst tækifæri að gera athugasemdir við. (stjórnvöld eru væntanlega hagsmunaaðilar sem og aðrir lögaðilar er vilja láta sig málið varða)

Ákveðnar orðalagsbreytingar eru gerðar frá núverandi 4. mgr. 4. greinar laganna. Í núverandi 4. mgr. segir: *Í áætluninni skal gera grein fyrir hvernig sveitafélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunnar, þ.m.t. leiðum [].* Þessu orðalagi hefur verið breytt þ.e. að orðið skal hefur verið fellt út. Með því að fella orðið skal út og orða setninguna með vægari hætti, “*og gera grein fyrir því hvernig sveitastjórn hyggst ná markmiðum landsáætlunar,*” þá er verið að gefa þann afslátt sem þarf til ef sveitafélag vill koma sér undan markmiðum landsáætlunar þ.e. að ekki liggur lengur fyrir sú skylda að draga markvisst úr myndun úrgangs o.s.frv. með beinum aðgerðum.

Fram kemur að sameiginleg áætlun sveitarfélaga skuli auglýst, en óljóst er hvort einstaka sveitarfélag þurfi þess. *Við gerð áætlunarinnar (sameiginleg svæðisáætlun ?) skal auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þegar við á.* Undirritaður tekur undir ágæti þess að auglýsa bæði landsáætlun og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er þá ákveðin trygging fyrir því að áætlunin sé aðgengileg á netinu. Það hins vegar að binda hendur hagsmunaaðila og almennings að koma með athugasemdir innan tiltekins frests með tilvísun í lög, í þessu tilfelli lög nr. 105/2006 er röng aðferðarfræði ef verið er að höfða til sjónarmiða þeirra sem láta sig umhverfismál varða. Í skipulags- og byggingalögum segir að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykktur henni. Gera verður ráð fyrir að nota megí ákvæðið með lögjöfnun við lög nr. 105/2006 og nr. 55/2003 ef að þessari breytingu verður, geta verður kæruleiða.

Að lokum um 2. gr frumvarpsins, á við 4. gr., 3. og 4. mgr. en þar kemur fram að gildistími áætlana er 12 ár. Hér er um að ræða langt tímabil á tímum hraðar breytinga og því væri eðlilegt að hafa gildistímann mun styttri, einnig í ljósi þess að hér er um að ræða fyrstu áætlunir sem kveðið er á um að skuli hafa ákveðin gildistíma í árum. Koma þarf fram í nefndaráliti hvenær fyrsta tímabil hefst.

Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins er varðar 5. gr laganna:

Hér er um að ræða breytingar sem felast aðalega í því að útgáfa starfsleyfa fyrir móttökustöðvar sem eru nær undantekningarlaust í eigu sveitafélaganna er færð í hendurnar á eigendum. Heilbrigðisnefndir starfa samkvæmt 11. gr. laga nr. 7/1998, en þar segir að heilbrigðisnefnd skuli kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Eftirlitssvæði á landinu eru 10. Samkvæmt 12. gr sömu laga gera heilbrigðisnefndir fjárhagsáætlun innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja. Með tilvitnun í fundargerð Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur dags. 12. október 2009 kemur fram sláandi dæmi þess efnis að fjárhagsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar er ekki samin af fulltrúum nefndarinnar.

Úr fundargerð:

Fjárhagsáætlunin var samþykkt með 4 samhljóða atkvæðum. Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sátu hjá. Fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar VG og Samfylkingar í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur lýsa yfir áhyggjum af afleiðingum niðurskurðar í fjárhagsáætlun fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur á sama tíma og útlit er fyrir vaxandi þörf fyrir starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits. Bent skal á í þessu sambandi að sveitarfélagið Reykjavík hyggst ekki nýta til fulls tekjustofna sína. Ekki hefur fulltrúum í heilbrigðisnefndinni gefist kostur á að taka virkan þátt í mótun fjárhagsáætlunarinnar, né heldur að skoða til neinnar hlítar afleiðingar niðurskurðarins. Því sitja fulltrúar VG og Samfylkingar hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2010.

Í 15. gr. laga nr. 7/1998 segir að heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit og í 18. gr og 19. gr. er fjallað um hlutverk Umhverfisstofnunar gagnvart heilbrigðisnefndum og heilbrigðiseftirliti m.a. að í yfirumsjón stofnunarinnar felist samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu o.s.frv., en í engu er minnst á starfsleyfi vegna móttökustöðva sveitafélaganna af augljósum ástæðum þar sem Umhverfisstofnun gefur þau sjálf út samkvæmt skilmálum laga og fjölda reglugerða vegna tilskipanna EB, EES samninga.

Ef að þessum breytingum verður að sveitafélögin þ.e. heilbrigðisnefndirnar gefi út starfsleyfi fyrir söfnunar- (gámastöðvar) móttökustöðvar og aðra meðhöndlun úrgangs er þá ekki augljóst að starfsleyfisgerð skal vera með sama hætti á landinu öllu. EB tilskipanir eru til komnar vegna nauðsynjar á samræmingu aðgerða og meginreglna um meðalhóf.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir m.a.:

Í frumvarpinu eru m.a. lögð til þau nýmæli að útgáfa starfsleyfa fyrir alla meðhöndlun úrgangs aðra en förgun úrgangs og meðhöndlun spilliefna verði í höndum heilbrigðisnefnda. Þannig verður útgáfa starfsleyfa fyrir urðunarstaði, brennslustöðvar, námuúrgangsstaði og förgun og meðhöndlun spilliefna hjá Umhverfisstofnun en útgáfa fyrir alla meðferð úrgangs hjá hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Þetta er lagt til til að einfalda framkvæmd og til þess að skýra verkaskiptingu milli heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir m.a. um 3. gr.

Í a–e-lið eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna þannig að útgáfa starfsleyfa fyrir alla meðferð úrgangs, þ.e. alla meðhöndlun úrgangs aðra en förgun, verði í höndum heilbrigðisnefnda. Útgáfa starfsleyfa fyrir förgunarstaði, svo sem urðunarstaði og brennslustöðvar, verði áfram í höndum Umhverfisstofnunar. Þá er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun veiti söfnunarstöðvum og móttökustöðvum starfsleyfi séu þær reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði.

Eins og lögin eru nú er það í höndum Umhverfisstofnunar að veita starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs en heilbrigðisnefnda að veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og aðra meðhöndlun úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessi tilhögun hefur stundum valdið vandamálum þegar ekki liggur fyrir hvort viðkomandi stöð teljist söfnunarstöð eða flokkunarstöð, en flokkunarstöð er móttökustöð. Jafnframt þróast söfnunarstöðvar oft hratt og teknar eru upp nýjar aðferðir við meðhöndlun úrgangs, svo sem flokkun og böggun, sem hefur í för með sér að stöðvar sem hefja starfsemi sem söfnunarstöðvar og fá starfsleyfi hjá heilbrigðisnefnd teljast innan skamms tíma vera orðnar móttökustöðvar og því starfsleyfisskyldar hjá Umhverfisstofnun. Þetta hefur haft í för með sér ósamræmi í starfsleyfisveitingum.

Orðalag varðandi starfsleyfisveitingar í fylgiskjölum með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun hefur flækt málin enn frekar. Því hafa þessi lagaákvæði nú verið tekin til

endurskoðunar, lagðar til áðurnefndar breytingar og til samræmis lagðar til breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og fyrirhuguð er í kjölfarið breyting á reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, og reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Sjá nánar athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins.

Hér er um athyggisverða nálgun að ræða fyrir því að útgáfa ákveðna starfsleyfa sé betur komin hjá sveitafélögunum, heilbrigðisnefndum. Ef umhverfisráðuneytið treystir ekki Umhverfisstofnun lengur fyrir því að gefa út starfsleyfi vegna meints flækjustigs, þá á að fara fram umræða um það í þjóðfélaginu áður en svo veigamikil breyting á framkvæmd umhverfis og úrgangsmálum á sér stað og það sama má segja ef Umhverfisstofnun sjálf, að eigin frumkvæði vill lostna undan þessari flækju og þeirri ábyrgð sem henni er falin sem opinber eftirlitsaðili á úrgangsmálum. Hvað varðar þær athugasemdir að orðalag í núverandi lögum nr. 7/1998 og reglugerðum nr. 785/1999 og nr. 786/1999 séu að flækja mál þá virðist það samkvæmt 25. gr. aðeins vera bundið við það að ef breyting verður gerð á núverandi 5. gr. laganna með þessu frumvarpi, annars ekki.

Einfaldleiki framkvæmda og skýrari verkskipting milli sveitafélaga (heilbrigðisnefndar) og Umhverfisstofnunar getur aldrei orðið skýrari en einmitt eins og henni er háttað í dag vegna þess að á söfnunarstöð (gámastöð) má aðeins taka við úrgangi frá almenningi og /eða fyrirtækjum og hann síðan fluttur í burt flokkaður í gáma af neytendum, en að öðru leiti ómeðhöndlaður. Undantekningin er garðaúrgangur að einhverju leiti, en að sjálfsögðu ætti hann allur að fara í gáma. Í deiliskipulagi er þessari starfsemi lýst sem þjónustustarfsemi en ekki sem iðnaðarstarfsemi, sbr. móttökustöðvar fyrir úrgang í landnotkunarflokknum nr. 4.7 Iðnaðarsvæði í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Til upplýsingar þá kemur fram í reglugerð nr. 738/2003 (tilskipun nr.) **6. gr.** er ber heitið, **Flokkun urðunarstaða og móttaka úrgangs**. Urðunarstaðir flokkast í staði fyrir: a. **óvirkan úrgang**; b. **almennan úrgang** og c. **spilliefni**. Í sömu reglugerð segir í orðskýringum:

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar. Flokkaður úrgangur í **gáma** á söfnunarstöð er t.d. timbur, járn og nothæf húsgögn sem selt er beinnt til notanda með starfsleyfi og kemur því ekki inn á móttökustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðferðar. Þaðan fer úrgangur til nýtingar eða förgunar. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Urðunarstaðir: staðir þar sem tekið er við úrgangi til urðunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaðir þar sem framleiðandi úrgangs **fargar** eigin úrgangi á framleiðslustað og varanlegir staðir, þ.e. þar sem úrgangur er geymdur lengur en eitt ár áður en homum er fargað, eða þrjú ár áður en endurnýting hefst.

Flokkunarmiðstöðvar: staðir þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, endurnotkunar, endurnýtingar og/eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Helsta markmiðið með rammatilskipununum um úrgang er að tryggja raunhæft opinbert eftirlit með meðhöndlun úrgangs, til dæmis með starfsleyfisskyldu endurvinnslu- og förgunaraðila en ekki hvernig staðið er að rekstri söfnunarstöðva (gámastöðva)

Í lögum og reglugerðum á sviði umhverfis og úrgangsmála er lítið minnst söfnunarstöðvar(gámastöð) eða hvernig starfsleyfi þeirra skuli háttað enda um einfalda þjónustu starfsemi að ræða. Öðru máli gegnir um móttökustöðvar þar sem skýrt er kveðið á um hvað skal koma í fram starfsleyfi o.s.frv. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðva/urðunarstaðir

(förgunarstaður er einnig urðunarstaður) og brennslustöðvar. Á þessum stöðum, móttökustöðum samkvæmt orðskýringu á öll meðferð og meðhöndlun úrgangs að geta farið fram þar með talið förgun úrgangs. Það sem ber að athuga við skilgreiningu á móttökustöð er orðalagið; *Þaðan fer úrgangur til nýtingar eða förgunar*. Hér er um það að ræða að landfræðileg aðstaða getur verið með ólíkum hætti og þess vegna hefur móttökustöð þessa undirtitla ef svo má að orði komast, flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og brennslustöðvar. Þannig að þegar allt er lagt saman þá hefur orðið móttökustöð það vægi að vera samheiti yfir stað þar sem meðferð og meðhöndlun úrgangs á sé stað, sama hvaða nafni sú starfsemi nefnist.

Hugtakið förgun var skilgreint í b-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 75/442/EBE sem söfnun, flokkun, flutningur og meðhöndlun úrgangs, svo og geymsla hans og lögum ofan jarðar sem neðan og allar umbreytingar sem nauðsynlegar teljast fyrir endurnotkun, nýtingu eða endurvinnslu. Í dag er það kallað meðhöndlun úrgangs sem áður nefndist förgun, sbr. skilgreiningu í 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2008/98/EB um úrgang.

Söfnunarstöðvar (gámastöðvar) og móttökustöðvar eru eðlisólíkar og með boðuðum breytingum er gengið gegn tilskipunum um úrgang, þeirri grundvallarreglu að þessar stöðvar séu skýrt aðgreindar hvor frá annari. Fyrir þesu sjónarmiði liggja ástæður eins og nálægð við heimili og dvalarstaði fólks, tryggingar fyrir því að viðeigandi samþættar mengunarvarnir séu viðhafðar og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma, Besta fánlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fánlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun. Gera þarf ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra, heilsa og öryggi starfsmanna o.s.frv. með tilvísun í lög nr. 55/2003 og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sé mengun og reglugerðir nr. 737/2003 og nr. 738/2003 um meðhöndlun og urðun úrgangs.

Undantekningin frá regluni, að steypa megi saman rekstri söfnunarstöðvar (gámastöðvar) og móttökustöð er samkvæmt 2. mgr. 5. gr laga nr. 55/2003, ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum, sem aftur útskýrir að hin hefðbundna söfnunarstöð (gámastöð) er allt annar og ólíkur rekstur en móttökustöð þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar, böggunar eða annarar meðferðar/meðhöndlunar eins og t.d. endurvinnslu og endurnýtingar, starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun.

Með boðaðri breytingu á 2. mgr. 5. gr laganna verður útgáfa starfsleyfis fyrir söfnunar-(gámastöð) og móttökustöð í höndum sveitafélaganna. **Með öðrum orðum verður það sveitafélaganna að sjá til þess að hinar fjölbættu tilskipanir EB rati inn í þau starfsleyfisskilyrði sem þau setja sér sjálf og framfylgja sjálf.** Undantekningin frá þessari reglu er ef steipt er saman söfnunar- og móttökustöð og förgunarstað, að þá er það Umhverfisstofnunar að gefa út starfsleyfi.

Hér framar hefur verið gerð grein fyrir því að orðið móttökustöð er samheiti fyrir aðstöðu, einnig fyrir hvað orðið förgun stendur og vitnað til tilskipunar nr. 2008/98/EB um úrgang þ.e. að förgun úrgangs er meðhöndlun úrgangs sem á sér stað vegna nauðsynlegra umbreytinga o.s.frv. Samkvæmt orðana hljóðan á ekki að vera hægt að binda förgun úrgangs, meðhöndlun við ákveðin stað. Það er sér íslenskt fyrirbæri að tala um **förgunarstað** sbr. 3. gr. frumvarpsins, en þar segir: *í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði*. Ef litið er í kringum sig sést að förgun á úrgang á sér alstaðar stað, endurnýting, endurvinnsla og endurnotkun.

Til að einfalda alla umræðu og skilning þarf að leggja af orðið förgunarstaður, svæði því það er **misvísandi**, og það sama gildir um orðið endanleg förgun, umbreyting í ekki neitt. Sambærilegt er hvort eitthvað er úrgangur eða er ekki úrgangur og hvenær eitthvað hættir að vera úrgangur.

Undirritaður leggur til að það verði smíðað eitt eða fleiri orð í staðinn fyrir förgunarstaður sem héldi betur utan um það, sem úrgangslöggjöfin snýst um þ.e. endurvinnslu, endurnýtingu og endurnotkun ellegar að ekkert orð komi í staðin, heldur verði aðrar orðskýringar lagfærðar.

Aðrar breytingar á 5. gr. laganna varða það, að ef boðuð breyting á 2. mgr. verður samþykkt þá verður ekki ljóst fyrr en eftir fundi í reykfylltu bakherbergi hver gefur út starfsleyfi hverju sinni vegna flókinna reglna. Sá varnagli er því settur inn að “útgefandi” gefur út starfsleyfi.

Það sem hér hefur verið dregið sama er til að undirstrika það að þau nýmæli sem lögð eru til í þessu frumvarpi að útgáfa starfsleyfa fyrir alla meðhöndlun og meðferð úrgangs (aðra en förgun úrgangs og meðhöndlun spilliefna) verði í höndum heilbrigðisnefnda (sveitafélaga) boðar ekki neina einföldun, þvert á móti.

Ef það er í stöðunni að einfalda þurfi framkvæmd útgáfu starfsleyfa fyrir móttökustöðvar og aðra meðferð úrgangs, því þá ekki að ganga alla leið þ.e. að annað hvort sveitafélögin, heilbrigðisnefndirnar gefi út öll starfsleyfi þ.e. fyrir söfnun, móttöku, meðhöndlun, förgun og að Umhverfisstofnun sé þá frí frá þeirri ósvinnu sem tilskipanir EB eru að valda stofnuninni, ellegar þá að það séu sveitafélögin sem fái frí.

Loka orð.

Það er vandkvæðum bundið að skilja tilgang þessara boðuðu breytinga er varða framkvæmd á útgáfu starfsleyfa öðruvísi en að geta sér til um aðrar ástæður en gefnar eru upp í athugasemdum við lagafrumvarpið. Einhvern kostnaðarauka hefur þessi tilfærsla fyrir sveitafélögin, en það kemur samt ekki fram í umsögn fjármálaráðuneytisins. Það virðist því blasa við að ávinningur sveitafélaganna er einhver og það hafi þegar verið reiknað út. Þegar fjallað er um úrgangslöggjöfina í íslenskum rétti eins og gerir í frumvarpinu verður að gæta að því að undirliggjandi hagsmunir sveitafélaganna geta verið miklir og að þrýstingi sé beitt til að koma að vægari sjónarmiðum við innleiðingu tilskipanna. Hér er ekki verið að fullyrða að svo sé, en aftur á móti er spurt hvers vegna tilskipun 2008/98/EB er ekki enn komin í ESS samninginn og íslenska þýðingu.

Fyrir Reykjavíkurborg skiptir það miklu máli að geta haldið í gamlar hefðir sbr. jarðvegstippa/landfyllingar/urðunarstaði þ.e. að geta urðað þar úrgang af ýmsum toga holt og bolt án þess að þurfa að skilgreina starfsemina samkvæmt EB tilskipun, orðskýringum í úrgangslöggjöfinni. Þannig er hægt að fresta árum saman að flokka og endurvinna allan úrgang, allt án afskipta Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar sbr. að mat á umhverfisáhrifum hefur ekki fengist né heldur úrskurður um að þess þurfi ekki, vegna jarðvegstíppsins/urðunarstaðarins fyrir óvirkan úrgang og garðaúrgang Reykjavíkurborgar á Reynisvatnsheiði, sagt Hólmsheiði. Þarna upp á heiðina hafur nú þegar verið fluttar u.þ.b. 3 milljónir m³ af úrgang, 4,8 milljón tonn, sem samsvarar um helming af því efni sem fór í Kárahnjúkastíflu eða 400.000 vörníbilsfarmar.

Útskýringin fyrir því að undirritaður er að senda inn þessar athugasemdir er ekki vegna þess að hann treysti Umhverfisstofnun það vel, öðru nær því sú stofnun þarf virkilega að slíta sig frá umhverfisráðuneytinu ef hún á að geta talist sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem vinnur á faglegum nótum. Góðar ráðleggingar og sjónarmið ætti stofnuninn að vera óspör á að sækja sér til umhverfisnefndar Alþingis og háskólasamfélagsins þar sem þekkingin á umhverfismálum og rétti er

mikil og aðgengileg ef rétt er að farið.

Ástæðan fyrir þessum athugasemdum er til komin vegna þess að undirritaður á landskíka, frístundalóð á Reynisvatnsheiði þétt við jarðvegstípp/urðunarstað Reykjavíkurborgar sagt á Hólmsheiði. Vegna þess að áform Reykjavíkurborgar um landfyllingar m.a, við Ánanaust brugðust og mikil uppbygging og framkvæmdir áttu sér stað ákvað framkvæmdarsýslan í Reykjavík að allur úrgangur, uppmokstur ýmiss konar jarðefna og tilfallandi frá framkvæmdarsvæðum var flutt upp á heiðina, rutt yfir allan gróður og kjörlendi rjúpu og mófugla og er svæðið í dag u.þ.b. 30 ha. Þessari starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á mörkum vatnsverndarsvæðis Reykjavíkurborgar hefur verið kærð og væri það vel þegið ef umhverfisnefnd Alþingis léti sig málið varða.

Fyrir nokkru síðan rakst ég á skýrslu sem bar heitið Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 -2020 og hef áhuga á að senda stutta samantekt síðar.

Virðingarfyllt



Þórir J Einarsson
Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík

<http://hdl.handle.net/1946/3516>

Endurvinnsla er skilgreind sem svo í e-lið 1. mgr. 3. gr. rr-tilskipunarinnar að úrgangsefni undirgangist endurtekið framleiðsluferli í upphaflegum tilgangi eða öðrum tilgangi. Með öðrum orðum kemur úr framleiðsluferlinu endurunnið hráefni sem svo er hægt að nota í sama tilgangi og upprunalega hráefnið hafði eða til einhverra annarra nota. Brennsla til orkuvinnslu (flokkur R 1 í II. viðauka rammatilskipananna frá 1975, 2006 og 2008) er sérstaklega undanskilin.

Í skilgreiningunni á endurvinnslu í 17. tölul. 1. mgr. 3. gr. rammatilskipunarinnar frá 2008 kemur fram að til endurvinnslu úrgangs teljist ekki orkuvinnsla eða vinnsla þar sem útkoman er efni sem ætlað er að nota sem eldsneyti eða til landmótunar. Í rr-tilskipuninni er ekki tekið fyrir að endurunnin hráefni séu ætluð til landmótunar. Hins vegar leiðir af orðanna hljóðan að það er ekki endurvinnsla að nota úrgang til landmótunar án þess að hann fari gegnum framleiðsluferli. Munurinn á endurnýtingarhlutfallinu og hlutfallinu fyrir endurnotkun og endurvinnslu er mest 20% af heildarþyngd í 2., 5.-7. og 9. flokkum í I. viðauka A. Það ber að skilja sem svo að ekki sé skylt að endurnota eða endurvinnna þessi 20% (eða lægra hlutfall fyrir aðra flokka) heldur megi endurnýta þau með brennslu til orkuvinnslu eða nota til landmótunar.